

Brim er traustur vinnustaður þar sem stjórnendum og starfsfólki er annt um vellíðan og heilbrigði samstarfsfólks síns. Öryggisstjórnunarkerfi félagsins nær yfir alla starfsemi þess, skráningu og rýni slysa og atvika. Áhættumat og öryggisreglur eru lykilþættir, auk þess sem markviss þjálfun og fræðsla gegna mikilvægu hlutverki.

Við hjá Brimi einsetjum okkur að vinna markvisst að öryggis- og vinnuverndarmálum og skapa starfsfólki öruggt starfsumhverfi.

- Við berum öll ábyrgð þegar kemur að öryggis og vinnuverndarmálum.
- Við berum virðingu hvert fyrir öðru og þösum hvert upp á annað.
- Við erum stolt af því að starfa á vinnustað þar sem öryggismál eru tekin alvarlega.

## SKIPULAG

Skipulag vinnuumhverfis- og öryggismála miðar að því að efla skilvirkni þeirra. Stjórnendur bera ábyrgð á öryggismálum. Öryggisnefndir eru starfandi á öllum sviðum fyrirtækisins og hafa þær skýr hlutverk. Mannauðssvið félagsins annast umsjón og eftirlit með málaflokknum.

Hver og einn starfsmaður ber ábyrgð á eigin öryggi. Ein af grunnforsendum þess að okkur takist að fækka slysum er að allir axli ábyrgð og stjórnendur jafnt sem starfsfólk einsetji sér að vinna að bættu öryggi og vinnuumhverfi. Stjórnendur bera ábyrgð á því að búnaður sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnusvæðum og starfsstöðvum sem þeir hafa umsjón með.

Öryggis- og vinnuverndarmál eru mikilvægur þáttur í fræðsluáætlun Brims. Í nýliðafræðslu fer starfsfólk félagsins vandlega yfir atriði er varða öryggi og vinnuvernd fyrirtækisins.

## ÖRYGGISNEFNDIR OG ÖRYGGISFULLTRÚAR

Hjá félaginu starfa öryggisnefndir sem taka til allra starfstöðva þess í samræmi við reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006. Öryggismál eru hluti starfsmannastefnu félagsins. Brýnt er að starfsfólk fylgi öryggisreglum á vinnustað, taki þátt í öryggisfræðslu og bendi á það sem betur mætti fara í öryggismálum.

Brim leggur áherslu á að öll slysa séu skráð og eru verkferlar og vinnuupplýsingar kynnt fyrir starfsfólki.

Samþykkt af stjórn Brims hf. þann 17. desember 2020.